



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 9. mars 2012

Ný reglugerð um Mannvirkjasjóð KSÍ

Ágætu félagar

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 8. mars nýja reglugerð um Mannvirkjasjóð KSÍ

REGLUGERÐ KSÍ um mannvirkjasjóð KSÍ 2012-2015

Markmið

Mannvirkjasjóði KSÍ er ætlað að styðja við nýframkvæmdir knattspyrnumannvirkja á Íslandi til þess að skapa iðkendum, stjórnendum og áhorfendum sem besta aðstöðu.

Styrkir

Mannvirkjasjóður KSÍ styrkir hvers kyns nýframkvæmdir og getur hámarksstyrkur við hvert verkefni orðið 15 milljónir króna en að jafnaði ekki meira en sem nemur þriðjung af raunkostnaði framkvæmdar. Við úthlutun styrkja skal sérstaklega tekið mið af stöðu umsækjanda gagnvart leyfiskerfi KSÍ og skulu umsóknir sem miða að því að uppfylla ákvæði leyfiskerfis KSÍ njóta forgangs við úthlutun úr sjóðnum. Aðeins aðildarfélög KSÍ geta sótt um styrk.

Umsókn

Umsókn um styrk úr Mannvirkjasjóði KSÍ skal berast framkvæmdastjóra KSÍ fyrir 1. apríl ár hvert. Í umsókn skulu eftirfarandi upplýsingar m.a. koma fram:

- Fyrirhugaðar framkvæmdir og tilgangur þeirra
- Verk- og tímaáætlun
- Staðfesting á fjármögnun
- Staðfesting viðkomandi sveitarfélags á framkvæmdunum og skuldbindingar þess vegna þeirra

Framkvæmdastjóri KSÍ metur umsóknir og hefur mannvirkjanefnd KSÍ til ráðgjafar auk þeirra aðila sem hann telur ástæðu að leita til. Framkvæmdastjóri gerir tillögu til stjórnar um úthlutun úr sjóðnum. Við mat á umsóknum skal m.a. tekið tillit til núverandi stöðu knattspyrnumannvirkja og aðstöðu, og þarfa félags vegna þátttöku í Íslandsmóti og vegna leyfiskerfis KSÍ.

Greiðslur úr sjóðnum

Styrkur úr Mannvirkjasjóði KSÍ er að jafnaði greiddur út að loknum framkvæmdum viðkomandi verkefnis en heimilt er að greiða út styrkinn í fleiri greiðslum ef ástæða þykir til og fyrir liggur samþykkt stjórnar KSÍ
Gert er ráð fyrir að í Mannvirkjasjóður KSÍ muni á árunum 2012-2015 veita árlega a.m.k. 30 milljónir króna til aðildarfélaga.

Reglugerðin tekur þegar gildi

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.
Bestu kveðjur



Þórir Hákonarson
framkvæmdastjóri KSÍ